

Varðandi breytingu á Fjallskilasamþykkt Dalabyggðar

Fjallskiladeild Hvammsveitar hefur fundað innan deildarinnar til að ræða þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á Fjallskilasamþykkt Dalabyggðar.

Það er ekki mikill ágreiningur um flestar þær breytingar sem verið er að gera en það er meirihluti deildarinnar sem styður ekki þá ákvörðun að flýta leytum frá því að vera frá 14-21. september í að verða frá 10 – 18. september. Einungis einn aðili innan deildarinnar vill flýta hefðbundnum leitum. Það verður að segjast eins og er að fyrir okkur sem búum norðan varnargirðingar hefur þessi breyting talsverð áhrif því við erum að flýta leytum um viku, oftast en menn þurfa að gera sunnan varnargirðingar, svo ef til vill er sú ákvörðun ekki að skifta fólk sunan girðingar eins miklu máli. Við teljum einnig ekkert því til fyrirstöðu að dagsetningarnar verði áfram ekki þær sömu norðan og sunnan girðingar.

Það er alveg ljóst að margir vilja ekki fá fé sitt of snemma heim þar sem þeir telja að þröngt sé á beitinni. Ef fara á í þessar breytingar í óþökk manna gæti það haft þær afleiðingar að einhverjir bændur kysu að sleppa sínu fé aftur, sérstaklega eftir fyrstu leit, og ekki er það til að auðvelda smalamennskur. Við innan deildarinnar höfum einnig velt því fyrir okkur, að því okkur fannst vera meirihluti fyrir því á fundi fjallskilaneftdanna að gera þessar breytingar, hvort þetta skifti margar deildir ekki miklu máli. Þá er átt við að Hvammsveitungar þurfa að sækja fé víða í hefðbundnum réttum og eru nokkuð háðir því að aðrir séu á sama róli (fara t.d. í Gillastaðarétt og taka fé Hvammsveitar, Fellsstrendinga, Skarðstrendinga og Saurbæinga. Fara líka í Brekkurétt og taka fé Hvammsveitunga og Fellsstrendinga, einnig þarf fé að koma frá Fellsströnd inn í Hvammsveit) á meðan aðrir geta svolítið ráðið sér sjálfir og hreinlega bara smalað þegar þeir vilja og réttað þegar þeir vilja. Allt þetta skapar óþagindi ef við ætlum að fara að haga okkur þannig að gera bara hlutina þegar það hentar okkur, það leiðir til þess að við munum þurfa að fara margar ferðir eftir örfáum kindum í stað þess að gera þetta bara þegar réttardagar fara fram.

Það er alveg ljóst að heimilt er að færa leytir fram um viku samkvæmt 10. gr fjallskilasamþykktar. En þessi heimild er einungis leyfinleg, að okkar mati, ef um það er samstaða milli þeirra fjallskiladeilda sem hlut eiga að máli. Nú er ljóst að ekki er samstaða um þetta innan Fjallskiladeildar Hvammsveitar og því teljum við að ekki sé hægt að nýta þessa heimild núna í ár ef ekki næst að klára allt það ferli sem til þarf til að þessi fjallskilasamþykkt geti tekið gildi.

Ekki hefur heldur farið fram nein formleg umræða við nærliggjandi sveitarfélög og því algjörlega óþóðlegt að hugað sé ekki að því að leytir fari fram á sama tíma. Það er álit okkar að Fjallskilasamþykkt okkar þurfi að ríma við Fjallskilasamþykkt Strandamanna, Borgfyrðinga, Mýramanna og Kolbeinstaðahrepp þar sem fé getur gengið þar á milli.

Það er álit nefndarinnar að of mikil óvissa ríki um það hvenær leytir eigi að fara fram og vita menn alls ekki hvenær leytir munu fara fram í haust og það gengur ekki að halda þeirri óvissu áfram.

Það er því okkar vilji að ný fjallskilasamþykkt taki ekki gildi fyrr en haustið 2026 og að menn skoði aðrar dagsetningar á hvenær leytir eigi að fara fram. Ljóst er að það var ekki meirihlyti fyrir að vilja breytingar á þessu sem að framan er talið. En ef fara á í eitthverjar málalendingar þá væru dagsetningarnar 12-20 næsti kostur í stöðunni.

Með vinsemd og virðingu

Fjallskilanefnd Hvammssveitar

Anna Berglind Halldórsdóttir

Jón Egill Jóhannsson

Halldór Gunnarsson.